

**Nr. 23-009 S 006 Drangavík VE 80*****Skipverji slasast á fingri***

Skipaskr.nr. 2048 IMO 8812045  
Smíðaður: Portúgal 1991, stál  
Útgerð: Vinnslustöðin hf  
Stærð: 356 BT  
Mesta lengd: 28.98 m Skráð lengd: 28.02 m  
Breidd: 7.9 m Dýpt: 6.2 m  
Vél: Deutz 465 kW, 1991  
Fjöldi skipverja: 11



Drangavík © Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNSA

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*


**Atvikalýsing:**

Þann 12. nóvember 2022 var Drangavík á leið til Vestmannaeyja. Veður: NA 12 m/sek.


Verið var að þrifa millipilfarið og þurfti skipverji að fara inn á verkstæði sem er inni af þilfarinu. Gengið er um skálkaða stálhurð en þegar hann hafði stigið inn á verkstæðið skall alda á skipið. Við það greip hann í hurðarkarminn og skall hurðin þá á fingur vinstri handar með þeim afleiðingum að hann fingurbrotnaði.



Mynd 1



Mynd 2



Mynd 3

***Við rannsókn kom eftirfarandi fram:***

- Samkvæmt frásögn skipstjóra var hurðin það stíf og sjaldan um hana gengið að það hafi komið á óvart að hún hafi getað skolið aftur með þessum afleiðingum.
- Í Heildarlista skoðana Samgöngustofu kemur ekki fram hvort um borð sé öryggishandbók fiskiskipa.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð og gefur ekki tilefni til sérstakrar rannsóknar.

*Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. ágúst 2023 af Guðmundi Frey Úlfarssyni, Hilmarí Snorrasyni, Hirti Emilssyni og Pálma Jónssyni.*